



## Fundargerð 171. fundar stjórnar VM

Haldinn Miðvikudaginn 25. janúar kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Agnar Ólason, Símon Guðvarður Jónsson og Guðmundur Hermann Salbergsson.

Fjarfundur: Helgi Már Sigurgeirsson og Tinna Magnúsdóttir

Fjarverandi: Pétur Freyr Jónsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 170
2. Skýrsla formanns og staða kjaramála
3. Sjúkrasjóður – breytingar
4. Iðan – Íslandsmót Iðngreina
5. Haustþing
6. Önnur mál.

### 1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 170

Fundargerð 170. fundar samþykkt og undirrituð og fundargerð 166 sem hafði farist fyrir að undirrita.

### 2. Skýrsla formanns og staða kjaramála

Formaður fór yfir það sem hefur verið í gangi frá síðasta fundi.

Almenni kjarasamningur VM við SA hefur verið samþykktur og undirritaður. Að þessu sinni útvíkkuðum við samstarf við endurnýjun kjarasamninganna þegar samflot iðn- og tæknifólks tók höndum saman með VR/LÍV. Það er ljóst að samstarfið skipti sköpum við samningaborðið

Formaður fór yfir helstu atriði samningsins og niðurstöður kosningarinnar um hann.

Alls tóku 777, eða 39,60% þeirra sem voru á kjörskrá.

Já sögðu 595 eða 76,58% þeirra sem greiddu atkvæði.

Nei sögðu 146 eða 18,79% þeirra sem greiddu atkvæði.

Og 36 eða 4,63% þeirra sem greiddu atkvæði tóku ekki afstöðu.

Samningurinn var því samþykktur með yfir 76% greiddra atkvæða.

RSÍ og VM héldu saman 11 formlega kynningarfundum en auk þess voru MATVÍS og Byggingar með á þremur fundum. Fundirnir voru vel sóttir, en rúmlega 400 manns mættu.

Talað var um að sniðugt væri að vera með live kynningu á nýjum kjarasamningum á heimasíðunni í einhvern tíma eftir að kjarasamningur hefur verið undirritaður.



Sjómenn/Skipstjórnarmenn / SFS hafa fundað fjórum sinnum. Þar er staðan þannig að skipuð var minni nefnd sem er að rýna það sem talað hafði verið um á fundum stærri nefndarinnar. Sú nefnd hefur fundað sex sinnum. Kominn er einhver rammi utan um stóran hluta af kröfunum. Ýmiss atriði á eftir að ná sátt um en allt á réttri leið eins og er. Til viðbótar hafa verið fundir og samtöl við önnur félög.

Fundað var með trúnaðarmönnum VM og RSÍ hjá Landsvirkjun og búið er að halda einn samningafund með Landsvirkjun en síðan fór allt í bið hjá SA út af viðræðum við Eflingu, Landsvirkjun er fyrst af virkjunar samningunum. Þá eru eftir samningar við OR eða Orkuveitu Reykjavíkur, Norðurorku, HS orku, og Orkubú Vestfjarðar.

Fundað hefur verið vegna samnings vélstjóra á skipum og bátum í ferðaþjónustu, sem er samningur okkar og FS. Þar erum við búnir að leggja fram tilboð, en ekki búnir að fá svar. Svo eru kaupskipin og sandæluskipin eftir. Um það bil 11 samningar eru í startholunum.

Þá voru einnig ýmsir aðrir fundir eins og þrír fundir í Miðstjórn ASÍ og einn með efnahags og skattanefnd. Fundur var vegna endurnýjunar á skipulagsskrá Skjólshjúkrunarheimilis en formaður situr þar fyrir ASÍ.

Tveir fundir voru í stjórn Sjómannadagsráðs, fundur í fulltrúaráði Gildis og svo fundur í Styrktar og sjúkrasjóði en niðurstaða úr þeim fundi verður kynnt undir lið 3.

Á milli jóla og nýjar voru hefðbundir fundir með sjómönnum:

26. des. Ísafjörður

27. des Reyðarfjörður og Akureyri

28. des Reykjavík, einnig streymt á heimasíðu félagsins.

29. des Vestmannaeyjar og Höfn í Hornafirði

30. des Grundarfjörður

### 3. Sjúkrasjóður – breytingar

Starfsmaður sjóðsins kom inn á fundinn og fór yfir breytingar á styrkjum og dagpeningum. Verið er að vinna í samræmingu á styrkjum hjá félögum. Sjúkrasjóður VM er í flestum tilfellum hærra og því greiðslur óbreyttar, en samþykkt að hækka fæðingastyrk til samræmis við hin félögin og verður hann því kr. 154.000.- frá 1. janúar 2023. Samþykkt að taka upp nýjan styrk Viðtalsmeðferð: Heimilt er að styrkja sjóðfélaga vegna viðtalsmeðferðar hjá viðurkenndum sálfræðingi, félagsráðgjafa og geðhjúkrunarfræðingi. Meðferð skal falla undir löggildingu viðkomandi starfsstéttar. Greitt er 40% af kostnaði, að hámarki kr. 9.900 per skipti. Styrkur er veittur fyrir allt að 20 skiptum á hverju 12 mánaða tímabili. Samþykkt að heilsuræktarstyrkur verði kr. 50.000.- á hverju 12 mánaða tímabili eða 60% af reikningi. Einnig var samþykkt sú breyting að hægt verði að sækja um styrk á meðan inneign er (12 mán. tímabil), þ.e. ekki einungis hægt að sækja um einu sinni á 12 mánaða fresti.

### 4. Iðan – Íslandsmót Iðngreina

Íslandsmót iðn- og verkgreina verður haldið í Laugardalshöll dagana 16. – 18. mars. Okkar maður í Iðunni ætlaði að kynna þennan lið en er veikur og sendi inn smá texta sem formaður las upp. Óskar Grétarsson, er nýr leiðtogi málm- og véltæknigreina Iðunnar og hann er að reyna að rífa þetta eitthvað upp. Tilgangurinn með því að taka þetta upp hér er að óska eftir fjárheimild sem Halldór getur sett í verkefni tengd Íslandsmótinu.

Félagið hefur styrkt skóla utan af landi til að koma og taka þátt. Formanni finnst að við eigum að hafa eitthvað form á þessu og vill að okkar fulltrúi hafi heimild til að setja í þetta allt að 1.500.000.



Talað var um að Íslandsmótið væri flott kynning fyrir þá sem huga að iðnámi, en vandræði hafa verið með suðukeppnina í Laugardalshöll vegna eldhættu og nú ætti að vera með hana í lðunni og senda út með vefmyndavél á skjá í höllinni og hann hefur áhyggjur af því að það muni ekki skila sér vel. Við ættum að krefjast þess að fá að vera á staðnum, finna einhverja lausn. Formaður vill að umræðuna um suðuna verði tekin upp til að finna út hvernig best er að gera þetta.

## 5. Haustþing.

Tillaga lögð fram og kynnt af formanni um að halda haustþing (kjararáðstefnu) á Hótel Selfossi, 27. – 29. okt. nk.. Þessi þing/ráðstefnur hafa heppnast vel hjá okkur. Stutt verður í kjarasamninga þegar þingið verður haldið, þannig að líklegt er að þingið snúist um það. Samþykkt var að halda þingið.

## 6. Önnur mál.

- Beiðni frá Hollvinasamtökum Húna um að styrkja verkefni sem snýst um að byggja líkan að Húna. Líkanið verður síðan gefið lðnarasafni Akureyrar. Þeir eru búnir að fá styrk frá Sjómannafélagi Akureyrar og skipstjórnarmönnum og óska eftir 100 þús frá okkur. Samþykkt.
- Formaður sagðist þufa að gera smá breytingu á fundarplaninu sem lagt var fram á síðasta fundi. Hann óskaði eftir að fá að færa fundinn í apríl til 13. og sagði svo að fundurinn í maí hafi samkvæmt planinu á innri vef verið settur 6. maí og það væri laugardagur og því þyrfti að breyta. benti á að á síðasta fundi hafi verið talað um að fundurinn í maí væri 25. þannig að þetta væri vitlaust á heimasíðunni. Maí fundurinn verður 25. eins og fyrra plan segir.
- Talað var um póstinn frá fyrrverandi formanni. Þrír stjórnarmenn taka að sér að skrifa svar frá stjórn.
- Spurt var hver staðan væri með að endurskrifa lög félagsins og formaður svaraði því til að það lægi hjá laganefnd og lögmanni.
- Rædd vor kjaramál. SA segir að það fái enginn meira en búið er að semja um. Hvað finnst mönnum um þessi viðbrögð SA og á þetta bara að vera svona. Fá þeir bara að segja hvernig þetta á að vera. Formaður fór yfir það sem hefur verið að gerast í þessum málum á undanförunum árum, SA að soga allt undir sig. Nú er verið að reyna að stofan félag minni fyrirtækja því þau hafa ekkert að segja innan SA. Það sem við erum að gera með samvinnu iðn og tæknigreina er að reyna að vera sterkari og ná betri samningum.
- Spurt var um stöðuna á fraktskipunum. Var búið að setja saman formlega samninganefnd. Formaður segir að Samningsviðræður séu ekki hafnar og það hafi verið valdir tveir frá hverju skipafélagi í samninganefnd.

Fundi slitið kl. 14:30